

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í nóvember og desember 1980.

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1980, að báðum dögum meðtöldum, er öllum skipum öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, óheimilt að stunda þorskveiðar í íslenskrí fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Skuttogarar með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskip, sem eru 39 metrar og lengri, mega ekki stunda þorskveiðar í 18 daga samtals á tímabilinu 20. nóvember til 31. desember 1980. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana, þó þannig, að hver togari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 4 daga í senn.

Reglugerð þessi breytir ekki ákvæðum 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 430 15. ágúst 1980, og skulu því skip þau er tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar, samtals láta af þorskveiðum í 36 daga, tímabilið 1. október til 31. desember 1980.

3. gr.

Tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 2. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu, áður en hún hefst hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi togarar, skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabilið.
2. Lok tímabilsins miðast við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildaraflanum, telst sá tími er fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

5. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1.—3. gr., má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

6. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—3. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist herra en 15%, skal svo

litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 5. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar samkvæmt 1.—3. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins skv. 1.—3. gr. hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. nóvember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 203.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkann hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.